

Erindi til Bæjarráðs Hafnarfjarðar um afnot af Svæði fyrir framan Bæjarbíó fyrir bæjar-og tónlisrtarhátíðina "Hjarta hafnarfjarðar"

Til : Sigríður Kristinsdóttir;pos@itn.is;Ágúst Bjarni Garðarsson
Frá : palli@prime.is
Heiti : Erindi til Bæjarráðs Hafnarfjarðar um afnot af Svæði fyrir framan Bæjarbíó fyrir bæjar-og tónlisrtarhátíðina "Hjarta hafnarfjarðar"
Málsnúmer : 1807277
Málsaðili : Bæjarbíó slf.
Skráð dags : 28.07.2018 17:22:45
Höfundur : palli@prime.is

Viðhengi [Umsókn Strandgata-Hjarta-hfj.-2018-TOP-ALL-V.26.7.18-4 \(2\).pdf](#)
[Umsókn Strandgata-Hjarta-hfj.-2018-TOP-ALL-V.26.7.18-4 \(2\).pdf](#)

Sæl Sigríður,

rekstraraðilar Bæjarbíós slf kt 611116-0550 senda eftirfarandi beiðni til Bæjarráðs Hafnarfjarðar. Vinsaml staðfestið móttöku erindis

HJARTA HAFNARFJARÐAR 2018

Annað árið í röð er blásið til Bæjar-og tónlistarhátíðarinnar "Í hjarta Hafnarfjarðar". Hún stækkar nú frá fyrra ári og verður nú í fimm daga í stað þriggja daga. Jafnframt verður opið útisvæði í þrjá daga líkt og í fyrra og nú óskum við eftir því að fá að nýta útisvæði framan við Bæjarbíó frá fimmtudeginum 30. ágúst frá kl 17:00 til 1. september fram að miðnætti.

Rætt hefur verið við eigendur Súfistans og eru þeir jákvæðir fyrir framkvæmdinni og að verða hluti útisvæðisins og eru tilbúnir að hafa opið hjá sér á sama tíma. Við höfum einnig leitað til Tilverunnar, Von Mathúss og Krydd og hafa allir veitingastaðirnir boðað komu sína og vilja selja gestum Bæjarbíós og útisvæðisins léttar veitingar í þá þrjá daga sem svæðið er opið.

Fluttur verður á svæðið 40 feta nýr kæligámur sem er sérútbúinn með bjórdælum og mun standa á svæðinu. 200 fermetra útitjald með sviði verður einnig á miðju plani með sætum fyrir 200 manns. Þá verða sett upp ferðasalarnir fyrir gesti. Svæðið verður upplýst og búin verður til skemtileg stemmning í miðbænum. Öflug gæsla er á svæðinu og næturvakt verður á næturnar þegar svæðið er lokað.

Í viðhengi er svæðið teiknað með öllu ofantöldu inná.

Í útitjaldinu verða skemmtiatriði frá kl 20:00 og fram til kl 23:45. Á meðal þeirra sem koma fram eru þessir

-PRINS PÓLÓ
-PAPAR
-BUFF
-YLJA

Einnig verður risaskjár í útitjaldinu og þaðan vörpum við hluta tónleikanna sem eru inni í Bæjarbíói þegar útisvæðið er opið. Hugmyndin er að hafa útisvæðið opið á eftirfarandi tímum

30. ágúst kl 18:00-00:00
31. ágúst kl 18:00-00:00
01. september kl 16:00-00:00

Ef óskað er eftir að opna fyrir umferð frá Linnetstíg og út Strandgötuna í gegn um svæðið á föstudags- og laugardags morgni þá er það hægt með lítilli fyrirhöfn. Svæðið stendur þó allt að öðru leyti þar til dagskrá lýkur að kvöldi 1. september

Um leið og dagskrá lýkur að kvöldi 1. september verður hafist handa við að fjarlægja allt af svæðinu, hreinsa og ganga frá öllum endum. Allt verður farið að morgni 2. september nema 40 feta gámurinn sem verður fjarlægður að morgni mánudagsins 3. september.

HVERNIG VERÐUR TILHÖGUN HÁTÍÐARINNAR

Svæðið er annars vegar fyrir þá sem nú þegar eru búnir að kaupa sig inn á tónleikana í Bæjarbíói á hátíðina. Þeir hafa aðgengi að útisvæðinu á opnunartíma þess og fá armbönd þegar þeir mæta á tónleikana.

Síðan er hægt að kaupa sig sérstaklega inn á útisvæðið og njóta þeirrar skemmtunar sem í boði er. Þeir hafa ekki aðgengi að Bæjarbíói fyrr en eftir að tónleikum lýkur í húsinu en þá er anddyrið opið fyrir alla gesti hátíðarinnar.

Dagskrá í Bæjarbíói er eftirfarandi:

29. ágúst AGENT FRESCO
30. ágúst BJÖRGVIN HALLDÓRSSON OG HLJÓMSVEIT **-UPPSELT**
31. ágúst BJARTMAR GUÐLAUGSSON OG HLJÓMSVEIT **-UPPSELT**
1. september HJÁLMAR **-UPPSELT**
2. september BLÚSMENN ANDREU

Eins og sjá má er dagskráin mjög metnaðarfull hvað varðar bæði það sem verður haldið úti sem inni og eru aðstandendur hátíðarinnar stoltir af því hvernig til tókst í fyrra og vilja með stuðningi Hafnarfjarðarbæjar halda áfram uppbyggingu á hátíðinni Hjarta Hafnarfjarðar.

FJÖLDI GESTA Á ÚTISVÆÐI

Búast má við því að það verði á milli 800 og 1.000 manns á svæðinu að meðtöldum þeim sem eru á tónleikunum inni í Bæjarbíói.

NÆSTU SKREF

Rekstraraðilar sækja um eftirfarandi

- Afnot á svæði fyrir framan Bæjarbíó frá 30. ágúst kl 18:00 til miðnætis 1. september fyrir Hjarta Hafnarfjarðar
- Afhending svæðis til uppsetningar verði kl 09:00 fimmtudaginn 30. ágúst
- Að fá þrjá sölubása í eigu Hafnarfjarðarbæjar sem notaðir eru t.d. í Jólaborpinu til afnota

Þegar hefur verið sótt um stöðuleyfi til Hafnarfjarðarbæjar. Rekstraraðilar munu og sækja um leyfi til sýslumanns sem aflar umsgagnar Heilbrigðiseftirlits og eldvarnareftirlits Höfuðborgarsvæðisins

Hafnarfirði 28. júlí 2018

f.h rekstraraðila Bæjarbíós ehf
Páll Eyjólfsson
Pétur O Stephensen

cc á Ágúst Bjarna Garðarsson, formann Bæjarráðs Hafnarfjarðar
cc á Pétur O Stephensen

--

Með kveðju

Palli

palli@prime.is

www.prime.is

534-4000

665-0901